



511. fundur stjórnar SASS

haldinn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi
föstudaginn 2. september 2016, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Páll Marvin Jónsson og Sæmundur Helgason. Anna Björg Níelsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson forfölluðust og í þeirra stað komu Jón Páll Kristófersson og Arna Ír Gunnarsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir: Frá Háskóla Íslands (HÍ) komu, Jón Atli Benediktsson, Sæunn Stefánsdóttir og Steinunn Gestsdóttir og frá Háskólafélagi Suðurlands (HfSu) komu Sveinn Aðalsteinsson og Sigurður Sigursveinsson, til að ræða um framtíð háskólanáms á Suðurlandi undir tölulíð 2. Loks kom, Erla Björk Þorgeirsdóttir verkefnisstjóri með skipulagi raforkuvinnslu hjá Orkustofnun, undir tölulíð 3.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 510. fundar undirrituð.

2. Háskólanám fyrir Sunnlendinga

Fyrirsvarsmenn HÍ og HfSu skiptust á skoðunum við stjórn SASS um hvernig helst mætti efla fræðasamfélagið á Suðurlandi og þannig stuðla að eflingu háskólanáms fyrir Sunnlendinga. Fulltrúar HfSu og SASS lögðu fram minnisblað með tillögu að nánara samstarfi við HÍ. Tillagan gengur út á að HÍ, HfSu og SASS standi sameiginlega að könnun á eftirspurn eftir fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi, annars vegar meðal almennings og hins vegar meðal stjórnenda fyrirtækja. Niðurstöður liggja fyrir í árslok og Háskólinn hefji fjarnám í völdum greinum á haustönn 2017 í ljósi niðurstaðna úr könnuninni. Jafnframt standi þessir aðilar sameiginlega að markaðssetningu og kynningu á námsframboðinu. Fundarmenn og gestir voru sammála um að gera könnun og í framhaldi af því að hittast á fundi til að fara yfir niðurstöðurnar. Framkvæmdastjóra falið að útfæra tillöguna nánar í samráði við framkvæmdastjóra HfSu og rektor HÍ.

3. Orkustofnun - skipulag raforkuvinnslu

Erla Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri með skipulagi raforkuvinnslu hjá Orkustofnun kynnti aðkomu stofnunarinnar við gerð rammaáætlunar. Hún fjallaði sérstaklega um verndar- og orkunýtingaráætlunin á Suðurlandi. Fram kom að Orkustofnun vill auka tengsl sín við sveitarfélögin

4. Ársþing SASS 2016

- a. Dagskrá ársþings og aðalfundar.
Formaður og framkvæmdastjóri kynntu uppfærð drög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer á Hnappavöllum í Örfæfum 20. – 21. október nk. Lagt er til að Sæmundur Helgason, formaður bæjaráðs og Björn Ingi Jónsson, sveitarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar verði fundarstjórnar á þinginu og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og var það samþykkt. Endanleg dagskrá verður staðfest á næsta fundi stjórnar.
- b. Starfsskýrsla SASS 2015 – 2016.
Er í vinnslu hjá starfsmönnum samtakanna.
- c. Tillaga að launum stjórnar og ráða.
Fyrir liggur tillaga frá stjórn sem lögð verður fyrir þingið.
- d. Drög að fjárhagsáætlun SASS 2017
Formaður og framkvæmdastjóri kynntu drög að fjárhagsáætlun 2017. Samþykkt að vísa umræðu um fjárhagsáætlun næsta árs til annarra umræðu á næsta fundi stjórnar.
Undir þessum lið var einnig rætt um húsnæðismál samtakanna. Verðmöt liggja fyrir frá tveimur fasteignasölum. Stjórn samþykkti að láta reyna á sölu húseignarinnar að Austurvegi 56 og fól framkvæmdastjóra undirbúning málsins.

5. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**a) Sóknaráætlun, Uppbyggingarsjóður og áhersluverkefni**

Umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð, seinni úthlutun á yfirstandandi ári, er til og með 27. september nk. Alls munu 11 ráðgjafar samstarfsaðila SASS aðstoða umsækjendur við á gerð umsókna. Ráðgjafar munu halda sérstaka kynningarfundum á sjóðnum í september og verða þeir haldnir á sex stöðum á Suðurlandi.

Á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar sem haldinn var 12. apríl sl. komu fram tillögurnar að 132 áhersluverkefnum sem uppfylltu stefnumörkun Suðurlands. Verkefnastjórnin flokkaði tillögurnar og ráðgjafar samstarfsaðila hafa unnið að frekari mótun þeirra. Þeir hafa einnig yfirfarið skýrslur sem unnar hafa verið á málefnasviðum Sóknaráætlunar sl. ár. Fyrir fund verkefnastjórnar sem haldinn var 31. ágúst sl. voru lagðar fram 15 tillögur sem nánar útfærðar verkefnatillögur og einnig bærust verkefnastjórn tvær útfærðar tillögur. Niðurstaða á fundi verkefnastjórnar var að leggja til við stjórn að eftirfarandi 8 verkefni að fjárhæð 20 m.kr. verði staðfest:

- Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi - gerð kynningarefnis/handbók; 1 m.kr.
- Starfamesa 2017; 6 m.kr.
- Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi; 3 m.kr.
- Sunnlenskar vörur - sameiginleg markaðssetning (1. áfangi); 2 m.kr.



- Strætó - markaðsgreining og kynning; 2 m.kr.
- Svæðisleiðsögn á Suðurlandi; 1,5 m.kr.
- Atvinnuskapandi nemendaverkefni; 4 m.kr.
- Suðurland - sjálfbært samfélag; 0,5 m.kr.

Stjórn staðfesti ofangreind 8 áhersluverkefni að fjárhæð 20 m.kr.

Fyrr á árinu var búið að staðfesta eftirfarandi áhersluverkefni:

- Atlas kortasjá; 4 m.kr.
- Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi); 3 m.kr.
- Framtíð háskólamenntunar á Suðurlandi – málþing; 0,75 m.kr.
- Markaðsgreining Suðurlands, 2. áfangi; 2,25 m.kr.

Samtals áður staðfest fjögur áhersluverkefni að fjárhæð 10 m.kr.

Alls er búið að staðfesta 12 áhersluverkefni á yfirstandandi ári að fjárhæð 30 m.kr.

b) Staða ART verkefnisins og hugmyndir um úttekt velferðarráðuneytisins á verkefninu

Nýverið tilkynnti velferðarráðuneytið að fyrir dyrum stæði úttekt á ART verkefninu á Suðurlandi og öðrum úrræðum sem beitt hefur verið á Íslandi á síðustu árum.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 30. september nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 15:45

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Jón Páll Kristófersson
Páll Marvin Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Bjarni Guðmundsson